



Stuðningur hins opinbera við afreksíþróttafólk

Sigurður Þór Reynisson

Lokaverkefni til BA-gráðu í stjórnmálafræði

Félagsvísindasvið

Febrúar 2016

Stuðningur hins opinbera við afreksíþróttafólk

Sigurður Þór Reynisson

Lokaverkefni til BA-gráðu í stjórnmálafræði

Leiðbeinandi: dr. Viðar Halldórsson

Stjórnmálafræðideild

Félagsvísindasvið Háskóla Íslands

Febrúar 2016

Ritgerð þessi er lokaverkefni til BA-gráðu í stjórn málafræði og er óheimilt að afrita ritgerðina á nokkurn hátt nema með leyfi rétthafa.

© Sigurður Þór Reynisson 2016
180390-2519

Reykjavík, Ísland 2016

Úrdráttur

Markmið þessarar rannsóknar er að kanna hvernig stuðningur hins opinbera er við afreksíþróttafólk hér á landi. Við gerð rannsóknarinnar var stuðst var við bæði opinber og fyrirliggjandi gögn, auk þess tók höfundur eigindleg viðtöl við þrjá ólíka afreksíþróttamenn og bað þá um að segja frá upplifun sinni á stuðningi hins opinbera. Til þess að tryggja það að höfundur fengi víða sýn á málið valdi höfundur afreksíþróttafólk af báðum kynjum, úr mismunandi keppnisgreinum og lagði fyrir þau staðlaðan spurningalista. Markverðustu niðurstöður rannsóknarinnar voru þær að stuðningur við afreksíþróttafólk hér á landi sé ekki nægilegur en afreksíþróttafólkið sem rætt var við lýsti því að þau þyrftu íþróttarinnar vegna að búa við þröngan kost eða vera upp á foreldra sína komna langt fram á fullorðinsár. Niðurstöður sýna einnig að þeir fjármununir sem eyrnamerkir séu íþróttamálum í fjárlögum Alþingis séu langt frá því sem þekkist á Norðurlöndunum. Samkvæmt rannsókn þessari er hægt að álykta að nauðsynlega þurfi að gera töluverðar umbætur á kjörum afreksíþróttafólks bæði varðandi mánaðarlegan framfærslukostnað og almenn lýðréttindi sem eðlileg þykja á venjulegum vinnumarkaði

Formáli

Rannsókn þessi er lokaverkefni höfundar til BA-gráðu í stjórnmálafræði við Stjórnmálafræðideild Háskóla Íslands og er metin til 12 ECTS eininga. Rannsóknin var gerð á haustmisseri 2015 vegna útskriftar í febrúar 2016.

Leiðbeinandi minn var dr.Viðar Halldórsson og vil ég þakka honum kærlega fyrir dýrmæta leiðsögn í gegnum allt ferlið og gagnlegar ábendingar. Sömu leiðis vil ég þakka Andra Stefánssyni sviðstjóra Afreks og Ólympíusviðs hjá Íþrótt og Ólympíusambandi Íslands fyrir gagnlegar ábendingar á meðan skrifum stóð. Síðast en ekki síst vil ég þakka bróður mínum Rafni Herlufsen fyrir yfirllestur ritgerðarinnar.

Efnisyfirlit

| | |
|---|-----------|
| Úrdráttur | 3 |
| Formáli..... | 4 |
| 1 Inngangur | 7 |
| 1.1 Mikilvægi íþróttiðkunnar..... | 8 |
| 1.2 Hlutverk hins opinbera..... | 8 |
| 1.3 Það sem áður var | 9 |
| 2 Afrekssjóður ÍSÍ..... | 11 |
| 2.1 Starfsreglur Afrekssjóðs ÍSÍ | 11 |
| 2.2 Styrkjafyrirkomulag til einstaklings og hópaíþrótta 2015 | 12 |
| 2.3 Heildarúthlutun úr Afrekssjóði ÍSÍ 2015 | 13 |
| 2.4 Framlag ríkisins af heildarúthlutun Afrekssjóðs..... | 14 |
| 2.5 Samanburður við Norðurlönd | 15 |
| 3 Kostnaður vegna afreksíþróttastarfs | 16 |
| 3.1 Neysluviðmið einstaklinga | 17 |
| 3.2 Neysluviðmið einstaklinga með fjölskyldu | 18 |
| 4 Upplifun afreksíþróttamanna á Íslandi á eigin umhverfi | 19 |
| 4.1 Rannsóknaraðferð | 19 |
| 4.2 Lýsing á þáttakendum | 19 |
| 4.3 Gagnasöfnun | 19 |
| 4.4 Skráning og úrvinnsla gagna..... | 20 |
| 5 Viðtal - Ragna Björg Ingólfssdóttir (Badminton)..... | 21 |
| 5.1 Viðtal - Þormóður Árni Jónsson (Júdó) | 21 |
| 5.2 Viðtal - Eygló Ósk Gústafsdóttir (Sund)..... | 22 |
| 5.3 Siðrofskenning Mertons..... | 23 |
| 6 Stjórnvaldsbrestir..... | 26 |
| 6.1 Þröngur tímarammi | 26 |
| 6.2 Ósýnilegur hvati..... | 26 |
| 7 Sóknarfæri..... | 27 |
| 7.1 Hæfileikamótun..... | 27 |
| 7.2 Landkynning | 28 |
| 7.3 Lýðréttindi einstaklinga..... | 28 |
| 7.4 Hagræn áhrif íþrótta | 29 |
| 8 Samantekt | 30 |
| Heimildaskrá | 32 |
| Viðauki 1. Spurningalisti..... | 35 |
| Viðauki 2. Breytingar á styrkjafyrirkomulagi | 36 |

Myndaskrá

| | |
|--|----|
| Mynd 1 Framlag til Afrekssjóðs ÍSÍ af fjárlögum ríkisins | 14 |
| Mynd 2 Mismunandi kostnaður einstaklinga eftir íþróttagrein og fjölskylduaðstæðum..... | 16 |

1 Inngangur

Íslendingar hafa í gegnum árin átt ótalmarga íþróttamenn sem keppt hafa á alþjóðlegum mótum og keppnum sem fulltrúar lands og þjóðar. Þessir íþróttamenn eru oftast nær nefndir afreksíþróttamenn en samkvæmt orðabókarskilgreiningu er *afreksmaður* “sá sem vinnur afreksverk, dugnaðarmaður, afburðarmaður” en þrátt fyrir smæð þjóðarinnar hafa íslenskir afreksíþróttamenn náð góðum árangri í mörgum mismunandi íþróttgreinum í bæði einstaklings og hópaíþróttum. Síðustu misseri hefur árangur íþróttaliða frá Íslandi vakið töluverða athygli alþjóðsamfélagsins og mikið hefur verið skrifað um hvernig þetta fámenna land geti framleitt svona marga öfluga íþróttamenn (Yokhin 2015). Umræðan hefur að miklu leyti snúist um þann áfanga sem íslenska karlalandsliðið í knattspyrnu náði með því að tryggja sér þátttökurétt á lokamóti Evrópukeppninnar enda knattspyrna vinsælasta íþróttgrein í heimi (Topend Sports – Most popular sports).

Þeirri spurningu verður þó ekki svarað í þessu verkefni en þeir sérfræðingar, líkt og landsliðsþjálfari Íslands í knattspyrnu, sem beðnir hafa verið um svör benda flestir á aukið menntunarstig þjálfara og þá staðreynd að aðstaða til íþróttaiðkunar hér á landi er gífurlega góð. Árangurinn er því að mestu tileinkaður bæði íþróttafélögum fyrir að sjá til þess að þjálfarar sæki sér menntun sem og sveitarfélögum fyrir sinn þátt í því að sú aðstaða sem íþróttaiðkendum hér á landi býðst sé með besta móti (Waddell 2015).

Tilurð verkefnisins má rekja til tveggja ólíkra þátta; fyrst ber að nefna til sögunnar ólæknandi íþróttááhuga höfundar og áralöng reynsla hans af störfum innan íþróttahreyfingarinnar, en auk þess má rekja tilurð verkefnisins til ummæla formanns Samtaka íþróttafréttamanna Eiríks Stefáns Ásgeirssonar á kjöri Íþróttamanns ársins 2014 í Gullhömrum þann 3.janúar 2015. Eiríkur Stefán flutti ræðu í beinni útsendingu í Ríkissjónvarpinu og fjallaði í henni um bág kjör afreksíþróttafólks hér á landi sem þurfi að:

„finna aðrar leiðir til að eiga í sig og á en um leið að vinna að því að ná sínum markmiðum, láta drauma sína rætast um að komast í fremstu röð á heimsvísu. Og það gera þeir án þess að afla sér neinna réttinda í leiðinni – réttindi sem teljast sjálfsögð hjá öllum sem eru á hefðbundnum atvinnumarkaðr” (Samtök íþróttafréttamanna 2015)

Eiríkur kallaði í ræðu sinni eftir breytingum og biðlaðist til þess að ríkisvaldið myndi endurhugsa aðkomu sína að afreksíþróttum og gera sér grein fyrir því að Íslendingar séu langt á eftir nágrannaríkjum sínum. Eiríkur Stefán vitnaði einnig í pistil (Samtök íþróttafréttamanna 2015) eftir Þráinn Hafsteinsson yfirþjálfara frjálsíþróttadeildar ÍR sem fjallaði um að afreksmenn í öðru en handbolta og fótbolta séu að svelta vegna skorts á fjármagni. Þráinn fór yfir víðan völl í pistli sínum og sagði jafnframt að:,,

Ef efnilegur íþróttamaður ætli að verða afreksmaður í öðru en fótbolta eða handbolta þá sé hann jafnframt að taka ákvörðun um að vera launalaus og fjárhagslega upp á foreldra eða aðra nákomna á meðan afreksferlinum stendur og þar með slippur og snauður að ferli loknum” (Þráinn Hafsteinsson 2014)

Í þessari ritgerð ætlar höfundur að rannsaka hvernig stuðningi hins opinbera við afreksíþróttamenn sé háttáð hér á landi og með hvaða hætti sá stuðningur birtist. Uppbygging verkefnisins er á þann veg að

Í upphafi eru gerð skil á hlutverki hins opinbera varðandi íþróttamál hér á landi, því næst er núverandi styrkjafyrirkomulag afrekssjóðs Íþróttá og Ólympíusambands Íslands kynnt til sögunnar og hvernig þróun þeirra fjármuna sem ríkið lætur af hendi árlega hefur verið frá því að sjóðurinn var settur á laggirnar. Gerð verða ítarleg skil á þeim framfærslukostnaði sem leggst á afreksíþróttafólk hér á landi, bæði í formi fyrirliggjandi gagna og einnig með eigindlegum viðtölum við afreksfólk sem þekkir raunheim afreksíþróttastarfsins frá fyrstu hendi. Upplifun afreksíþróttafólksins af eigin aðstæðum er svo tengt við siðrofskenningu Mertons og fjallað verður um birtingarmyndir aðstæðna sem þar kunna að myndast. Að endingu er sjónum beint að því hvaða samfélagslegu og efnahagslegu sóknarfæri eru fólgin í því að eiga afreksíþróttafólk í fremstu röð.

Færð verða rök fyrir því að stuðningur hins opinbera við afreksíþróttafólk hér á landi sé alls ekki nægilegur og fjarri því að vera sambærilegur við afreksstarf þeirra þjóða sem við berum okkur hvað mest saman við.

1.1 Mikilvægi íþróttiðkunnar

Íþróttaiðkun og almenn hreyfing er forsenda góðrar heilsu, rannsóknir sína að í kjölfar þeirra þjóðfélagsbreytinga sem átt hafa sér stað undanfarna áratugi hafi ýmis heilsufarsleg vandamál hér á landi aukist sem rekja megi til hreyfingarleysis ungmenna og hefur íþróttaiðkun því jákvæð áhrif á lýðheilsu Íslendinga. Samkvæmt viðmiðunarstundarskrá á hver nemandi að stunda íþróttir í þrjár kennslustundir á viku og er sundkennsla þar með innifalin (Doktor.is - Hreyfing og heilbrigði barna og ungmenna) en þar að auki stundar gífurlegur fjöldi ungmenna íþróttir fyrir utan skipulagt skólastarf af miklu kappi, en ætla mætti að það megi rekja til þess að frami í íþróttum þyki eftirsóknarverður. Sú aukning sem hefur orðið á skipulögðu íþróttastarfi síðustu áratugi má meðal annars rekja til þess að fyrirmyndir þessara ungmenna eru afreksíþróttamenn sem náð hafa árangri í sinni keppnisgrein og standi sem jafningjar á meðal þeirra allra bestu í heiminum.

Almenn íþróttaiðkun hefur einnig töluvert forvarnargildi, en ungmenni sem stunda íþróttir eru ólíklegri til þess að neyta áfengis, tóbaks (þ.m.t. munntóbak) eða neyta annarra fíkniefna og því mætti segja að það sé samfélagslegur ávinningur fólgin í íþróttaiðkun, bæði (Þórólfur Þórlindsson o.fl.,2014,57-66) ungmenna sem og fólks á öllum aldri, en ætla mætti að stuðningur hins opinbera sé til kominn vegna þessara ólíku þátta sem á einn eða annan hátt tengjast lýðheilsu þjóðarinnar.

1.2 Hlutverk hins opinbera

Sérstök Íþróttalög tóku gildi hér á landi þann 18.júní árið 1998 en þau heyra undir málefnasvið Mennta og menningarmálaráðuneytis. Ráðuneytið fer þar að leiðandi með yfirumsjón íþróttamála hér á landi að því leyti sem ríkið lætur þau til sín taka. Samkvæmt lögunum ber ráðuneytinu að afla upplýsinga um íþróttaiðkun, aðstöðu til iðkunar og stuðla að rannsóknum í þágu íþróttamála.

Menntamálaráðherra skipar íþróttanefnd en í henni eiga fimm menn sæti, en hlutverk nefndarinnar er að veita ráðuneytinu ráðgjöf hvað varðar íþróttamál og leggja fram tillögur um fjárframlög til íþróttamála í fjárlögum (Íþróttalög nr.64/1998). Samkvæmt Íþróttalögum er Íþróttá og Ólympíusamband

Íslands (ÍSí) æðsti aðili frjálsrar íþróttastarfsemi í landinu og hefur verið frá árinu 1940 (Steinar J. Lúðvíksson 2012, 87).

Í stefnumótun Mennta og Menningarmálaráðuneytis fyrir árin 2010-2015 má finna sér kafla um afreksíþróttir. Í kaflanum er fjallað um að afreksíþróttafólk hafi í gegnum tíðina verið góð landkynning á erlendri grundu, stutt verði áfram við afreksíþróttafólk í gegnum Afrekssjóð ÍSí og umfang sjóðsins aukið í takt við verðlagsþróun. Jafnframt er kveðið á um að sérsambönd innan íþróttahreyfingarinnar fái áfram fjárhagslegan stuðning frá ríkinu og gert kleift að halda úti landsliðum og þar með taka þátt í keppnum erlendis (Mennta og menningarmálaráðuneytið 2011, 17-18).

1.3 Það sem áður var

Hið opinbera hóf afskipti sín af íþróttum snemma á 20.öldinni en það gerðist í kjölfar viðhorfsbreytingar gagnvart líkamsrækt og íþróttaiðkun hér á landi. Viðhorfsbreytingin fól meðal annars í sér að gamlar og rótgrónar íþróttagreinar efdust til muna en einnig komu hingað til lands nýjar íþróttagreinar.

Til þess að anna eftirspurn eftir íþróttaiðkun spruttu því fram ný íþróttafélög hvert af öðru. Ungmennafélag Íslands var stofnað árið 1907 en félaginu var ætlað að sameina hin fjölmörgu ungmennafélög sem sprottið höfðu upp víðsvegar um landið. Stofnun Ungmennafélags Íslands varð til að fundinn var farvegur til þess að íþróttafólk hvaðanæva af mættist í keppni (Steinar J. Lúðvíksson 2012, 40-44). Reynsla Íslendinga af keppnum innanlands jókst jafnt og þétt á þessum árum en minna var um þátttöku í keppnum sem fóru fram á erlendri grundu þar til árið 1908, en það ár tóku Íslendingar fyrst þátt á Ólympíuleikunum. Ungmennafélag Íslands hafði leitt af sér ákveðna vakningu í landinu í þá átt að íþróttir væru ekki lengur forréttindi fáeinna manna, en þó vantaði enn stofnun til þess að halda utan um lög og leikreglur íþróttahreyfingarinnar. Sú stofnun varð loks að veruleika með stofnun *Íþróttasambands Íslands* (ÍSí) þann 28.janúar árið 1912.

Verkefni ÍSí til að byrja með voru mikil en eitt af verkefnum hinnar fyrstu kjörnu stjórnar sambandsins var að afla fjár og leituðu stjórnarmenn þá til Alþingis sem brást vel við en áður fyrr höfðu ýmsir aðilar úr íþróttahreyfingunni falast eftir fjárveitingu frá hinu opinbera en með tilkomu ÍSí einfaldaðist það ferli til muna (Steinar J. Lúðvíksson 2012, 54-58).

Umsvif ÍSí hafa stóraukist frá þessum tíma enda hefur sambandið verið starfrækt í meira en 100 ár. Samkvæmt opinberum gögnum frá árinu 2013 eru iðkendur innan sérsambanda ÍSí alls 126.212 sem verður að teljst ansi há tala miðað við höfðatölu (Íþróttta og Ólympíusamband Íslands Tölfræði, 9).

Til þess að geta haldið utan um allan þennan fjölda þarf sambandið að skipta með sér verkum og eru stoðsvið ÍSí þar af leiðandi þrjú (Íþróttta og Ólympíusamband Íslands - Lög Íþróttta og Ólympíusambands Íslands) en það eru :

- Afreks og Ólympíusvið
- Þróunar og fræðsluvið
- Almenningsíþróttasvið

Það gefur auga leið að keppnisíþróttir séu til þess fallnar að það skari á endanum einhver fram úr, en þeir íþróttamenn sem skara fram úr og eiga möguleika á frama í sinni grein geta hlotið styrki sem meðal annars koma frá hinu opinbera til þess að geta keppt á erlendum mótum fyrir hönd þjóðarinnar. Það kemur í hlut Afreks og Ólympíusviðs ÍSÍ að starfa náið með Afrekssjóði ÍSÍ, hafa yfirumsjón með öllu því sem lýtur að afreksmálum Íþróttasambands Íslands og gera tillögur um fjárveitingar í fjárhagsáætlunum ÍSÍ til afreksíþróttamála.

2 Afrekssjóður ÍSÍ

Tilurð Afrekssjóðs Íþróttá og Ólympíusambands Íslands má rekja til ársins 1991 en þá var skipuð sérstök Afreksíþróttanefnd sem skilaði af sér skýrslu varðandi fjármagnspörf sjóðsins. Fyrstu greiðslur úr sjóðnum fengust til útborgunar í ársbyrjun 1999 en sjóðurinn er fjármagnaður með framlagi ríkisvaldsins sem tiltekið er í fjárlögum Alþingis ár hvert og hlutfalli af tekjum íþróttahreyfingarinnar frá Íslenskri Getspá.

Á Íþróttáþingi ÍSÍ árið 2000 voru framtíðarmarkmið íþróttahreyfingarinnar samþykkt af fulltrúum allra sambandsaðila innan ÍSÍ (Andri Stefánsson 2015, 4-6):

„Markmið íþróttahreyfingarinnar skuli vera að, Íslendingar eigi hverju sinni afreksmenn og afreksflokka í íþróttum er skipi sér á bekk með þeim bestu í heiminum og að stöðugt hækki afreksstig Íslenskra Íþróttá. Í því felst hæfni og færni þeirra sem að afreksíþróttastarfinu koma og sem með afreksíþróttamanninum vinna, tryggja möguleika afreksíþróttamanna framtíðarinnar til að ná settu marki, stuðla að bættum framfærsluáðstæðum íþróttamannsins og auka íslenska þjálfunarkunnáttu” (Íþróttá og Ólympíusamband Íslands Afrekssstefna ÍSÍ)

Styrkir úr Afrekssjóði ÍSÍ eru, þrátt fyrir yfirlýst markmið hreyfingarinnar frá árinu 2000, ekki hugsaðir til framfærslu heldur eru þeir hugsaðir til að koma til móts við þann kostnað sem fylgir því að vera í afreksíþróttum. Kostnaðarliðirnir sem fylgja afreksíþróttamennsku á þessu stigi geta verið ýmis einstaklingsverkefni bæði hér á landi og erlendis, landsliðsverkefni og keppnisbúnaður.

2.1 Starfsreglur Afrekssjóðs ÍSÍ

Í stjórn Afrekssjóðs ÍSÍ sitja átta aðilar sem koma úr mismunandi áttum. Framkvæmdastjórn ÍSÍ skipar sex fulltrúa að loknu sérstöku Íþróttáþingi sem haldið er á tveggja ára fresti. Menntamálaráðherra, sem titla má sem ráðherra íþróttamála hér á landi, skipar einn fulltrúa og svo eiga samtök Ólympíufara einn fulltrúa. Kjörtímabil stjórnar Afrekssjóðs er tvö ár og helst í hendur við Íþróttáþing.

Markmið sjóðsins eru skýr og greinileg og snúa að því að veita íþróttafólki og íþróttaflokkum fjárhagslegt aðhald í öllu því sem snýr að umhverfi íþróttá (Íþróttá og Ólympíusamband Íslands Reglugerð um Afrekssjóð ÍSÍ).

Viðmið á skilgreiningum um afrek eru ákveðin hverju sinni af framkvæmdastjórn ÍSÍ. Viðmið þessi eru unnin í samvinnu við sérsambönd innan íþróttahreyfingarinnar en eftirfarandi skilgreiningar ber að hafa til hliðsjónar (Íþróttá og Ólympíusamband Íslands Skilgreining afreka):

- „Um framúrskarandi íþróttamann eða flokk er þá fyrst að ræða þegar einstaklingur eða flokkur skipar sér með árangri sínum í fremstu röð í heiminum.”
- „Afreksmaður er hver sá íþróttamaður/flokkur sem stenst ákveðna viðmiðun í viðkomandi grein.”
- „Afreksefni teljast þeir íþróttamenn/flokkar sem ekki hafa náð jafn langt en taldir eru með markvissri og mikilli þjálfun geta skipað sér á bekk með þeim bestu.”

Allar íþróttagreinar sem eru viðurkenndar af ÍSÍ eiga rétt á styrkveitingu úr Afrekssjóði en þó geta

aðeins sérsambönd eða íþróttanefndir verið umsóknaraðilar, hvort sem um einstakan íþróttamann sé að ræða eða íþróttaflokk. Einungis sérsambönd sem hafa mótað með sér afreksstefnu geta sótt um styrk úr afrekssjóði. (Íþrótt og Ólympíusamband Íslands Reglugerð um Afrekssjóð ÍSÍ).

2.2 Styrkjafyrirkomulag til einstaklings og hópaíþróttanna 2015

Afreksíþróttafólki í einstaklingsgreinum er skipt niður í fjóra styrkleikaflokka en sömu flokkar voru notaðir til viðmiðunar við styrkveitingar til hópaíþróttanna. Yngri landslið hópaíþróttanna eru einnig styrkhæf vegna þess að þau teljast framúrskarandi efnileg.

Styrkleikaflokkar :

A-flokkur --- > Afreksíþróttamenn sem teljast líklegir til þess að verða meðal átta bestu á næstu Ólympíuleikum eða Heimsmeistarakeppni í sinni íþróttgrein.

Mánaðarlegur einstaklingsstyrkur íþróttamanns í A-flokki : Kr. 200.000 á mánuði.

- Fyrir íþróttarárið 2015 voru 9 einstaklingar metnir til A-styrks.

B-flokkur --- > Afreksíþróttamenn sem eru eða eru líklegir til að verða meðal 20 bestu í heiminum í sinni íþróttgrein.

Mánaðarlegur einstaklingsstyrkur íþróttamanns B-flokki : Kr. 120.000 á mánuði.

- Fyrir íþróttarárið 2015 var einn einstaklingur metinn til B-styrks.

C-flokkur --- > Afreksíþróttamenn sem eru eða eru líklegir til að verða meðal 40 bestu í heiminum í sinni íþróttgrein.

Mánaðarlegur einstaklingsstyrkur íþróttamanns í C-flokki : Kr. 60.000 á mánuði.

- Fyrir íþróttarárið 2015 voru 6 íþróttamenn metnir til C-styrks. (Íþrótt og Ólympíusamband Íslands ÍSÍ úthlutar afreksstyrkjum)

D-flokkur --- > Aðrir framúrskarandi afreksíþróttamenn, samkvæmt viðmiðum ÍSÍ og sérsambands/íþróttanefndar ÍSÍ.

D-flokkur : Upphæð styrkja er ákveðin í hverju tilfalli af stjórn Afrekssjóðs ÍSÍ.

Styrkjafyrirkomulagið breyttist lítillega á meðan skrifum stóð en nýjustu uppfærslu á styrkjum til bæði einstaklings og hópaíþróttanna má sjá í Viðauka 2 á bls.35.

2.3 Heildarúthlutun úr Afrekssjóði ÍSÍ 2015

Hér fyrir neðan má sjá heildarúthlutun úr Afrekssjóði til sérsambanda ÍSÍ fyrir árið 2015 en við upphæðirnar bætist 300.000 króna úthlutun vegna Bogfiminefndar ÍSÍ.


| | |
|--|--|
| Akstursíþróttasamband Íslands (AKÍS) | Badminton samband Íslands (BSÍ) Alls kr. 1.800.000,- |
| Blaksamband Íslands (BLÍ) Alls kr. 1.200.000,- | Borðtennissamband Íslands (BTÍ) Alls kr. 400.000,- |
| Dansíþróttasamband Íslands (DSÍ) Alls kr. 1.100.000,- | Fimleikasamband Íslands (FSÍ) Alls kr. 5.000.000,- |
| Frjálsíþróttasamband Íslands (FRÍ) Alls kr. 11.590.000,- | Gímusamband Íslands GLÍ) |
| Golfsamband Íslands (GSÍ) Alls kr. 4.600.000,- | Handknattleikssamband Íslands (HSÍ) Alls kr. 25.000.000,- |
| Hjólreiðasamband Íslands (HRÍ) | Íshökkísamband Íslands (ÍHÍ) Alls kr. 1.400.000,- |
| Íþróttasamband fatlaðra (ÍF) Alls kr. 8.020.000,- | Júðósamband Íslands (JSÍ) Alls kr. 2.940.000 |
| Karatesamband Íslands (KAÍ) Alls kr. 1.100.000,- | Keilusamband Íslands (KLÍ) Alls kr. 900.000,- |
| Knattspyrnusamband Íslands (KSÍ) Alls kr. 8.000.000,- | Körfuknattleikssamband Íslands (KKÍ) Alls kr. 15.000.000,- |
| Kraftlyftingasamband Íslands (KRA) Alls kr. 5.420.000,- | Landssamband hestamannafélaga (LH) Alls kr. 1.500.000,- |
| Lyftingasamband Íslands (LSÍ) Alls kr. 700.000,- | Mótorhjóra og snjósleðasamband Íslands (MSÍ) |
| Siglingasamband Íslands (SÍL) Alls kr. 500.000,- | Skautasamband Íslands (ÍSS) Alls kr. 500.000 |
| Skíðasamband Íslands (SKÍ) Alls kr. 5.200.000,- | Skotíþróttasamband Íslands (STÍ) Alls kr. 3.700.000,- |
| Skylmingasamband Íslands (SKY) Alls kr. 2.020.000,- | Sundsamband Íslands (SSÍ) Alls kr. 12.000.000,- |
| Taekowndósamband Íslands (TKÍ) Alls kr. 2.020.000,- | Tennissamband Íslands (TSÍ) Alls kr. 400.000,- |

Heildaúthlutun alls kr. 122.310.000,- (Íþrótt og Ólympíusamband Íslands ÍSÍ úthlutar afreksstyrkjum)

2.4 Framlag ríkisins af heildarúthlutun Afrekssjóðs

Framlag til Afrekssjóðs ÍSí af fjárlögum ríkisins hefur hækkað jafnt og þétt frá því að samningur var gerður við ríkisvaldið um styrkveitingar til afreksíþróttamála.

Fyrstu styrkir fengust eins og áður hefur komið fram til útborgunar í ársbyrjun árið 1999 og hefur sjóðurinn fengið fjárframlög síðan (Andri Stefánsson 2015, 6-7).



Mynd 1 Framlag til Afrekssjóðs ÍSí af fjárlögum ríkisins

Bláu súlurnar merkja raunupphæð af framlagi ríkisins til Afrekssjóðs ÍSí, en þær appelsínugulu eru uppreiknaðar miðað við vísitölu 2014/16.°

Eins og sjá má á þessari mynd hefur framlag ríkisins til afreksíþróttamála aldrei verið hærra en árið 2015. Afrekssjóður deilir fjárreiðunum áfram til sérsambanda ÍSí en þó ber að geta að sú upphæð nemur ekki nema 11,8% af kostnaðaráætlun sérsambandanna, en fyrir íþróttarárið 2015 bárust Afrekssjóði ÍSí umsóknir frá 26 sérsamböndum af þeim 30 sem starfandi eru. Umsóknirnar voru vegna 36 landsliðsverkefna hjá 21 liði og 52 einstaklinga (Íþróttá og Ólympíusamband Íslands ÍSí úthlutar afreksstyrkjum).

2.5 Samanburður við Norðurlönd

Þær fjárreiður sem Íþróttá og Ólympíusambands Íslands fær til úthlutunar frá hinu opinbera eru ansi fjarri því sem þekkist hjá þeim löndum sem Íslendingar bera sig hvað mest saman við, en bæði Norðmenn og Svíar úthluta um það bil 0,20% af heildarúthlutun fjárlaga á ári hverju í íþróttastarf á meðan úthlutun íslenska ríkisins til íþróttamála er 0,09% af heildarfjárlögum. Er þá ekki tekið mið af höfðatölu og er upphæðin hjá nágrannalöndunum tveimur því mun hærri en prósentustigin segja til um (Andri Stefánsson 2015, 28).

Munur þessi á fjárúthlutunum til íþróttamála á milli þjóðanna mætti ætla að væri til þess fallinn að mynda ákveðna skekkju í þróun íþróttamanna hér á landi vegna umhverfisins sem þeir búa við.

Samanburður á afreksíþróttastarfinu hér á landi við það sem þekkist í Danmörku leiðir í ljós mikinn mun á milli þjóðanna en Danir eru afar framsæknir þegar það kemur að þróun íþróttamanna og gilda þar í landi sérstök lög um afreksíþróttir. *Team Danmark* er afsprengi lagaákvæðis um afreksíþróttir þar í landi og styður við bakið á 28 sérsamböndum af þeim 61 sem tilheyra danska íþróttasambandinu. Fjármögnunin kemur að er að mestu frá Danska ríkinu en stuðningurinn er mismikill eftir því hvort sambandið sé á:

- **Heimsmælikvarða** - „*Er með marga íþróttamenn eða lið sem hafa náð top átta árangri á HM eða ÓL á árunum 2009-2012*”
- **Alþjóðlegum kvarða** - „*Er með marga íþróttamenn eða lið sem hafa náð góðum úrslitum á HM eða ÓL á árunum 2009-2012, sem gefur raunhæfar væntingar til þess að ná topp 8 árangri á þeim tveimur árum sem samningurinn gildir. Fyrir hópíþróttir skiptir máli að keppt sé á hæsta stigi á alþjóðlegum vettvangi á árunum 2013-2016*”
- **Verkefnastyrkt** - „*Er með íþróttamenn á alþjóðlegum mælikvarða sem hafa raunhæfa möguleika á að ná verðlaunum á alþjóðlegum stórmótum, EM, HM eða ÓL á árunum 2013-2016. Fyrir hópíþróttir gildir að á árunum 2013-2016 geti liðið tekið þátt í keppni á hæsta stigi á HM/ÓL*”

Team Danmark nýtur styrkja úr þremur úr ólíkum áttum, en 60% af þeim fjárúthlutunum sem sambandið fékk árið 2014 kom frá hinu opinbera, 15% komu frá danska íþróttasambandinu og 25% í gegnum styrki og markaðsmál. Heildartekjur sambandins fyrir árið 2014 voru rúmlega 3 milljarðar íslenskra króna sem að mestu fara til sérsambandanna í formi beinna styrkja.

Til þess að setja samanburð þjóðanna í samhengi náði Íslenska karlalandsliðið í handbolta þeim merka áfanga árið 2012 að öðlast keppnisrétt á Ólympíuleikunum. Handknattleikssambandið (HSÍ) fékk 10 milljónir króna til þess að undirbúa liðið fyrir keppnina en á sama tíma fékk danska handknattleikssambandið 145 milljónir króna til þess að undirbúa sitt lið undir sama verkefni (Andri Stefánsson 2015, 17-20).

3 Kostnaður vegna afreksíþróttastarfs

Utanhald afreksíþróttastarfsins liggur eins og áður hefur komið fram að stærstum hluta hjá sérsamböndum ÍSí enda er það sérsambandanna að móta og fylgja eftir sinni eigin afreksstefnu sem er frumskilyrði þess að geta hlotið styrki úr sjóðnum. Styrkirnir sjálfir nema eins og áður hefur komið fram einungis 11,8% af kostnaðaráætlun sérsambandanna og því er kostnaðurinn sem leggst á sérsamböndin verulegur. Nokkur sérsambönd hinsvegar njóta styrkja frá alþjóðasérsamböndum sem bera hluta kostnaðar eins og til dæmis þær fjárreiður sem Knattspyrnusamband Íslands fær frá *UEFA* (Knattspyrnusamband Íslands - Fjármagn frá UEFA til íslenskra félagsliða).

Raunveruleikinn er hinsvegar sá að flest sérsamböndin hafa ekki fjárhagslegt bolmagn til þess að halda úti afreksstarfi og leggst kostnaður því alla jafna á þátttakendur. Sá kostnaður er mismunandi en sumir íþróttamannanna þurfa hugsanlega að borga húsaleigu eða standa í skilum á húsnæðislánnum ásamt því að sjá fyrir fjölskyldu sinni, á meðan aðrir búa enn í foreldrahúsum.

Kröfur varðandi keppnisbúnað geta einnig verið mismunandi á milli íþróttagreina svo það er fremur erfitt að setja alla undir sama hatt varðandi þann kostnað sem leggst á afreksíþróttafólk en ljóst er þó að kostnaðurinn er mismikill. Sumar íþróttagreinar krefjast þess að íþróttamennirnir keppi mikið erlendis til þess að eiga möguleika á því að öðlast þátttökurétt á stórmóti líkt og Ólympíuleikum eða Smáþjóðaleikum (Andri Stefánsson 2015, 9-12).

Hér má sjá dæmi um mismunandi umhverfi afreksíþróttamanna á venjulegu ári miðað við íþróttagrein og fjölskylduaðstæður :

| | Frjálsíþróttir | Sund | Ýmsar greinar | Skíðaiþróttir | Afreksíþróttafólk með fjölsk. |
|------------------------|-----------------|-----------------|-----------------|-----------------|-------------------------------|
| Íþróttalegur kostnaður | 3 – 6 m.kr. | 2 – 3 m.kr. | 2,2 – 3,8 m.kr. | 2,5 – 5,5 m.kr. | 2 m.kr. |
| Framfærslukostnaður | 1,6 – 3,1 m.kr. | 1,6 m.kr. | 1,6 – 3 m.kr. | 1,6 – 3 m.kr. | 4 – 5 m.kr. |
| Samtals | 4,6 – 9,1 m.kr. | 3,6 – 4,6 m.kr. | 3,8 – 6,8 m.kr. | 4,1 – 8,5 m.kr. | 6 – 7 m.kr. |

Mynd 2 Mismunandi kostnaður einstaklinga eftir íþróttagrein og fjölskylduaðstæðum

Eins og sjá má á myndinni hér að ofan er fjárhagslegt umhverfi íþróttamanna mismunandi á ári hverju og því áhugavert að skoða venjuleg mánaðarleg neysluviðmið einstaklinga miðað við eðlilegar forsendur.

3.1 Neysluviðmið einstaklinga

Á vef Velferðarráðuneytisins er að finna reiknivél fyrir neysluviðmið einstaklinga og einstaklinga með fjölskyldu á mánuði, seinast uppfærð í maí 2015.

Hægt er að óska eftir útreikningum um bæði grunnviðmið og dæmigerð viðmið um neyslu einstaklinga á mánuði.

Niðurstöðurnar útreikninganna hérna fyrir neðan sýna *grunnviðmið* einstaklinga sem ekki sjá fyrir fjölskyldu né sjá um rekstur á einkabíl. Reiknivélin gerir ekki ráð fyrir húsnæðiskostnaði sem bætist alla jafna aukalega ofan á þessi mánaðarlegu útgjöld.

Útgjaldaflokkar

| Neysluvörur | Viðmiðunarútgjöld |
|--|-----------------------|
| Matur, drykkjarvörur og aðrar dagvörur til heimilishalds | 43.886 |
| Föt og skór | 9.054 |
| Heimilisbúnaður | 741 |
| Raftæki og viðhald raftækja | 472 |
| Þjónusta | |
| Lyf, lækningavörur og heilsugæsluþjónusta | 9.472 |
| Sími og fjarskipti | 9.536 |
| Menntun og dagvistun | 1.123 |
| Veitingar | 0 |
| Önnur þjónusta fyrir heimili | 3.922 |
| Tómstundir | |
| Tómstundir og afþreying | 13.560 |
| Samgöngur | |
| Ökutæki og almenningsamgöngur | 10.900 |
| Annar ferðakostnaður | 0 |
| Heildarútgjöld án húsnæðiskostnaðar | 102.665 (100%) |

Séu viðmiðin reiknuð út *dæmigerð*, þá hækka heildarútgjöld úr 102.665 krónum í 236.581 krónur á mánuði án húsnæðiskostnaðar en rekstur einkabíls er hinsvegar innifalinn í hinum *dæmigerðu* viðmiðum (Velferðarráðuneytið - Reiknivél fyrir neysluviðmið).

3.2 Neysluviðmið einstaklinga með fjölskyldu

Niðurstöður útreikninganna hér fyrir neðan sýna *grunnviðmið* einstaklinga sem þurfa að sjá fyrir fjölskyldu. Gefnar eru þær forsendur að fjölskyldan búi á höfuðborgarsvæðinu og eigi tvö yngri börn. Barn 1 er í leikskóla en barn 2 í grunnskóla og borðar þar mat í mötuneyti og fer að skóladegi loknum í dagvistun.

Útgjaldaflokkar

| Neysluvörur | Viðmiðunarútgjöld |
|---|-----------------------|
| Matur drykkjarvörur og aðrar dagvörur til heimilishalds | 125.977 |
| Föt og skór | 23.205 |
| Heimilisbúnaður | 1.432 |
| Raftæki og viðhald raftækja | 842 |
| Þjónusta | |
| Lyf, lækningavörur og heilsugæsluþjónusta | 18.230 |
| Sími og fjarskipti | 7.839 |
| Menntun og dagvistun | 50.918 |
| Veitingar | 0 |
| Önnur þjónusta fyrir heimili | 12.034 |
| Tómstundir | |
| Tómstundir og afþreying | 45.611 |
| Samgöngur | |
| Ökutæki og almenningsamgöngur | 43.600 |
| Annar ferðakostnaður | 0 |
| Heildarútgjöld án húsnæðiskostnaðar | 339.687 (100%) |

Séu viðmiðin reiknuð út *dæmigerð* þá hækka heildarútgjöld úr 339.687 krónum í 554.190 krónur á mánuði án húsnæðiskostnaðar en rekstur einkabíls er hinsvegar innifalinn í hinum *dæmigerðu* viðmiðum (Velferðarráðuneytið - Reiknivél fyrir neysluviðmið).

4 Upplifun afreksíþróttamanna á Íslandi á eigin umhverfi

Forathugun höfundar er sú að afreksíþróttmenn hér á landi leggi á sig ómælda vinnu til þess að skara fram úr enda er full ástundun forsenda þess að geta þegið styrki úr Afrekssjóði (Íþrótt og Ólympíusamband Íslands Afrekisstefna ÍSÍ). Árangur næst í flestum tilfellum með því að leggja á sig mikla vinnu og getur mikill tími því verið sjálfur fórnarkostnaðurinn.

Til þess að dýpka þann skilning sem fenginn var nú þegar úr skýrslum og opinberum gögnum um stuðning hins opinbera við afreksíþróttamenn, settist höfundur niður með þremur íþróttamönnum úr mismunandi keppnisgreinum og tók við þá eiginleg viðtöl um upplifun sína á umhverfi afreksíþróttamanna hér á landi.

4.1 Rannsóknaraðferð

Eiginleg rannsóknaraðferð varð fyrir valinu vegna þess að upplifun einstaklinga er mismunandi vegna þess að hún er byggð á bæði tilfinningum og reynslu því er sérstaklega óhentugt að mæla upplifun í gegnum tölur eða myndrit (Esterberg 2008). Notast var við hálfstaðlað viðtalsform (e.semistructured interview) þar sem höfundur hafði skrifað niður fyrirfram ákveðnar spurningar en þær má sjá aftast í Viðauka 1 á bls.34.

Hálfstöðluð viðtöl eru hentug leið til þess að viðmælandinn fái svigrúm til þess að segja frá sinni eigin reynslu af umhverfinu án þess þó að líða eins og hann sé beinlínis í viðtali (Esterberg 2008).

4.2 Lýsing á þáttakendum

Tekin voru þrjú viðtöl við afreksíþróttafólk, til þess að tryggja að höfundur fengi víða sýn á málið voru þáttakendur bæði karlkyns og kvenkyns og komu úr ólíkum keppnisgreinum. Allir þáttakendurnir þekktu raunheim afreksíþróttafólks frá fyrstu hendi og höfðu verið styrkþegar Afrekssjóðs ÍSÍ um árabíl.

Val á einum þáttakanda af þremur var eftir hentugleikaúrtaki vegna þess að viðkomandi hafði talað um málið opinberlega og leitaði því höfundur fljótlega til hans. Hinir tveir þáttakendurnir voru valdnir útaf tíðum fréttalutningum af þeim vegna tilrauna þeirra við að ná settum Ólympíulágmörkum og fannst rannsakanda því tilvalið að óska eftir þeim í viðtal.

4.3 Gagnasöfnun

Gagnasöfnun fór fram í desembermánuði 2015. Hún fór þannig fram að eitt hálfstaðlað viðtal var tekið við hvern þáttakanda en viðtölin voru framkvæmd á stöðum sem hentuðu þáttakendum best. Viðtölin voru því tekin á ólíkum stöðum ýmist á vinnustað, æfingastað eða í Háskóla Íslands. Höfundur gaf þáttakendum frumkvæði á því að velja staðinn til þess að skapa þæginnlegt andrúmsloft fyrir viðmælandann. Markmið viðtalanna voru eins og áður hefur komið fram að kynnast viðmælandanum og afla reynslu á hans skoðunum varðandi stuðnings hins opinbera við íþróttagreininna sem þáttakandinn iðkaði.

4.4 Skráning og úrvinnsla gagna

Viðtölin voru tekin upp á diktaphone sem innbyggður er í síma höfundar, viðtölin voru öll skrifuð upp og úr þeim myndaður heildrænn texti sem má sjá hér á næstu blaðsíðum. Vegna þess að viðtalsformið var hálfstaðlað þá má greina sömu þemu í öllum textunum sem birtast.

Þemun eru greinileg en þau eru meðal annars, *upplifun* á umhverfi sínu miðað við mótherja sinna, almennur *stuðningur* við afreksíþróttafólk, viðmælendurnir voru spurðir út í þá *kröfur* sem þeir gerðu til sín, að hversu miklu leyti þeir reiddu sig á *fjárhagslegan stuðning* t.d. fjölskyldumeðlima eða annarra nákominna aðila og hvort þau teldu að *árangur* þeirra hefði verið betri ættu þeir kost á því að einbeita sér að fullu að íþróttinni.

5 Viðtal - Ragna Björg Ingólfssdóttir (Badminton)

Ragna Björg Ingólfssdóttir byrjaði ung að æfa badminton og byrjaði strax að skara fram úr. Hún stefndi alla tíð hátt og var hennar markmið þrjúþætt; ná því að vera best á Íslandi, verða meðal þeirra allra bestu í heiminum og öðlast keppnisrétt á Ólympíuleikum. Til þess að ná sínum markmiðum laut allt annað en badminton lægri hlut í hennar lífi, enda voru markmiðin skýr og lagði hún mikið á sig við að ná þeim. Ragna æfði frá 18 ára aldri fjórar klukkustundir á dag, sex daga vikunnar og fóru helgarnar oftast en ekki í það að keppa í mótum bæði heima og erlendis. Aðspurð um upplifun sína á aðbúnaði og íþróttalegu umhverfi miðað við mótherja sinna á mótum erlendis fyrir Íslands hönd var upplifun hennar sú að hún hefði það ekki jafn gott og þær, hún ferðaðist lengi vel ein í keppni erlendis á meðan mótherjar hennar höfðu aðgang að stóru teymi sem innihélt m.a. þjálfara, sjúkráþjálfara og nuddara.

Ragna telur fjárhagslegan stuðning við afreksíþróttamenn hér á landi ekki nægilegan og telur upp dæmi því til stuðnings, en hún skráði sig meðal annars í nám við Háskóla Íslands til þess að eiga rétt á námslánnum sem fóru að mestu í það að halda sér á floti fjárhagslega en hluti lánanna fór einnig í að greiða niður íþróttalegan kostnað.

Ragna lauk námi við Háskóla Íslands á fjórum og hálfu ári og skuldaði að námi loknu Lánasjóði íslenskra námsmanna (LÍN) 2 milljónir króna í námslán.

Ragna leitaði að eigin frumkvæði mikið til fyrirtækja til þess að geta fengið styrki í formi til dæmis fæðubótaefna, vítamína, matarstyrkja og bílaleigu og hélt sér þannig á floti á meðan ferlinum stóð.

Eftir á að hyggja telur Ragna að árangur hennar á alþjóðlegum mótum fyrir Íslands hönd hefði verið enn betri ef hún hefði fengið tækifæri á því að einbeita sér 100% að íþróttinni en sér þó ekki eftir neinu, enda mikill íþróttamaður og góð fyrirmynd.

Hún viðurkennir þó að það hafi valdið sér þirringi að horfa upp á mótherja og vinkonur hennar frá bæði Svíþjóð og Þýskalandi vera á launum frá hinu opinbera við að gera nákvæmlega það sama og hún.

Ragna Björg Ingólfssdóttir hætti keppni eftir Ólympíuleikana 2012 og eignaðist svo barn skömmu seinna. Þess ber að geta að hún átti ekki rétt á fæðingarorlofi vegna þess að á meðan ferlinum stóð greiddi hún ekki í neina orlofssjóði og stóð hún því uppi nánast alveg réttindalaus (Ragna Björg Ingólfssdóttir, viðtal tekið af höfundi í Reykjavík 10. desember 2015).

5.1 Viðtal - Þormóður Árni Jónsson (Júdó)

Þormóður Árni Jónsson byrjaði að æfa júdó 6 ára gamall og hefur stundað að kappi alla tíð síðan. Hann vann sinn fyrsta Íslandsmeistararitil einungis 10 ára gamall og byrjaði því strax ungur að aldri að skara fram úr. Það að vera afreksmaður að mati Þormóðs er að vera alltaf tilbúinn til þess að leggja allt sitt í það að verða enn betri og finna leiðir til þess, taka sér aldrei frí og vera ávallt meðvitaður um að hann sé fyrst og fremst íþróttamaður. Þormóður beitir sjálfan sig mikilli sjálfsgagnrýni sem hann telur hjálpa sér í því að ná settum markmiðum og setur gífurlega pressu á sjálfan sig að ná árangri. Ef hann vinnur til dæmis Íslandsmót þá er sigurinn einn og sér ekki nóg því það skiptir hann líka máli með hvaða hætti hann sigrar.

Það gefur auga leið að svo árangursmiðaður og einbeittur íþróttamaður setur ómælda pressu á sjálfan sig við að taka framförum og æfir hann í samræmi við það. Tíminn sem fer í æfingar hjá Þormóði á viku getur verið allt að 14-20 klukkustundir og finnst honum því erfitt að vera í vinnu eða námi samhliða. Þormóður kláraði, þrátt fyrir álagið og ferðalögin sem fylgja afreksíþróttamennsku, grunnám í viðskiptafræði á seinasta ári en það tók hann töluvert lengri tíma en flesta samnemendur hans, en hann var þá 31 árs gamall.

Aðspurður um hvort honum fyndist stuðningur hins opinbera við afreksíþróttamenn hér á landi nægilegur brást Þormóður ókvæða við og taldi núverandi upphæð vera fjarri því sem þyrfti til, sér í lagi eftir að íþróttamenn hafi náð 25 ára aldri. Við þann aldur hafi fólk jafnvel aðrar skuldbindingar líkt og börn og fleira, og segir hann núverandi styrkjafyrirkomulag þurfa að líta til þessara ytri aðstæðna líka. Sjálfur er Þormóður tveggja barna faðir og hefur því skyldur gagnvart fleirum en sjálfum sér.

Eiginlegur íþróttalegur kostnaður Þormóðs er kostaður að mestu leyti af ÍSÍ og Ólympíusamhjálpinni en sú upphæð er eins og gefur að skilja eyrnamerkt íþróttinni, og er því ekki gjaldgengur til matarinnkaupa og annars lifikostnaðar.

Fjölskylda Þormóðs hefur stutt staðfastlega við bakið á honum fjárhagslega alla tíð en hann telur að án þeirra hjálpar hefði hann ekki getað tekið þátt í öllum verkefnum sem honum hafi borið gæfa til að geta tekið þátt í á sínum ferli.

Þormóður er alveg handviss um það að ef hann hefði fengið tækifæri til þess að einbeita sér 100% að íþróttinni hefði árangur hans verið enn betri. Nýverið fékk Þormóður starf hjá Vodafone sem formaður Júdosambands Íslands kom í gegn, en yfirmenn hans á nýja starfsstaðnum taka fullt tillit til þess að hann þurfi svigrúm til æfinga og keppnisferða erlendis, en hann hefur sig allan við að reyna að ávinna sér inn keppnisrétt á komandi Ólympíuleikum (Þormóður Árni Jónsson, viðtal tekið af höfundi 14. desember 2015).

5.2 Viðtal - Eygló Ósk Gústafsdóttir (Sund)

Eygló Ósk Gústafsdóttir hefur síðustu misseri ná eftirtektarverðum árangri á alþjóðlegum mótum fyrir Íslands hönd í sundi og tryggði sér núna nýverið þátttökurétt á Ólympíuleikunum í Ríó 2016.

Eygló byrjaði að æfa sund einungis 5 ára gömul og segir það hafi verið ljóst frá 9 ára aldri að hún hefði alla burði til þess að ná langt í greininni. Það að vera afreksmaður í dag er að mati Eyglóar afsprengi mikillar vinnu og stífra æfinga sem hún telur lykilforsendu þess að ná árangri. Aðspurð um hversu mikill tími á viku fari í æfingar, þá æfir hún að meðaltali rúmlega 23 klukkustundir á viku eða tvisvar á dag, bæði kvölds og morgna.

Eygló Ósk setur mikla pressu á sjálfa sig að ná árangri og finnur fyrir aukinni pressu frá bæði samfélaginu og sundfélaginu eftir að hún fór að ná þessum glæsilega árangri. Álagið við æfingar og keppnir á erlendum mótum er, eins og gefur að skilja, ansi mikið. Eygló hefur núna nýverið verið að leita sér að hlutastarfi samhliða íþróttinni en sú leit hefur reynst býsna erfið vegna þess að hún þarf að ferðast erlendis í keppnir u.þ.b. mánaðarlega. Í framtíðinni stefnir Eygló á nám í Hjúkrunarfræði en sér þó ekki fram á að geta tekið nema 1-2 áfanga á önn vegna keppnis og æfingaálags.

Afreksípróttakonan Eygló Ósk finnur töluverðan mun á aðbúnaði íslenskra keppenda og annarra þjóða á mótum erlendis. Hún tekur sem dæmi Evrópumeistaramótið sem hún tók þátt í fyrr á árinu, en þar voru keppendur frá Íslandi þrír og höfðu þau með sér einn þjálfara meðan mótherjar þeirra frá Hollandi höfðu aðgang að þremur sjúkrapjálfurum, fararstjóra og nokkrum þjálfurum.

Aðspurð um hvort henni finnist fjárhagslegur stuðningur hins opinbera við afreksípróttamenn hér á landi vera nægilegur segir hún að hann sé dugi fyrir sig, en einungis vegna þess að hún búi ennþá í foreldrahúsum og njóti mikils stuðnings frá fjölskyldu sinni við að elta drauma sína. Þyrfti hún hinsvegar að borga húsaleigu er hún ekki jafn viss um að núverandi styrkjafyrirkomulag væri nægilegt. Eygló telur breytinga þörf í málefnum afreksípróttafólks og vill sjá aukinn alhliða stuðning á komandi árum, hvort sem það væri í formi aðstoðar við húsaleigu, við að leit að styrkjum eða jafnvel í formi mánaðarlauna frá hinu opinbera.

Eygló Ósk er vongóð um að stuðningur hins opinbera muni aukast á komandi árum, enda séu auk hennar ótalmargir efnilegir ípróttamenn að skjótast fram á sjónarsviðið sem hafi alla burði til þess að ná árangri og verða þar með afar góð landkynning fyrir Ísland (Eygló Ósk Gústafsdóttir, viðtal tekið af höfundu í Reykjavík 19. desember 2015).

5.3 Siðrofskenning Mertons

Siðrofskenning (e. anomie theory) *Robert Merton* snýr að því að rannsaka frávikshegðun út frá hugmyndum um samfélag og menningar. Meginmarkmið kenningarinnar er að skoða hvernig samfélagið geti sett pressu á ákveðinn hóp og þannig leitt einstaklingana innan hópsins frá viðurkenndum viðmiðum og gildum. Þessi frávikshegðun sem þar á sér stað er ekki vegna líffræðilegra eiginleika, heldur vegna hins félagslega raunveruleika sem umlykur þennan tiltekna hóp. Samkvæmt kenningunni er mögulegt að finna háa tíðni frávikshegðunar finni maður hóp sem er undir slíkri pressu. Áhugasvið einstaklinga eru ólík og því erfitt að alhæfa um markmið hvers og eins, en öll eru þau til þess fallin að veita einstaklingum í það minnsta einhvern tilgang. Persónulegt gildismat hvers og eins ákvarðar hversu mikið einstaklingar eru tilbúnir til þess að leggja á sig við að ná markmiðum sínum, en ljóst er afraksturinn er alltaf háður vinnu sem liggur að baki.

Leiðin að settum markmiðum er gjarnan háð utanaðkomandi öflum, líkt og stofnunum sem geta bæði gert leiðina greiðfæra eða hindrað með flóknu regluverki einstaklingana. Séu einstaklingar hindraðir í því að ná markmiðum sínum í samfélagi þar sem ofuráhersla er lögð á árangur, bæði frá samfélaginu og einstaklingunum sjálfum geta afleiðingarnar verið þær að hann leiðist út í það sem kallað er frávikshegðun (Merton 1996, 132-134).

Birtingamyndir þeirra aðstæðna sem getið er hér að ofan geta verið nokkrar. Sú fyrsta er *aðlögun* (e. conformity) en þá sættir einstaklingurinn sinn við þær aðstæður sem hann upplifir sig í og reynir að gera sitt besta (Merton 1996, 140-144). Önnur birtingamyndin er *nýjung* (e. innovation) en þá er hætta á því að einstaklingurinn verði áhættusækin og geti þar með leiðst burt frá viðurkenndum viðmiðum og gildum. Einstaklingurinn lítur á velgengni sem áfangastað frekar en ferðalag og er blindur á hugsanlegar afleiðingar gjörða sinna og fer að prófa nýjar leiðir eða aðra tækni (Merton 1996, 140-144). Þriðja birtingamyndin kallast *regludýrkun* (e. ritualism) en þá fyllast einstaklingarnir einskonar kvíða og verðs hræddir við að skara fram úr. Hræðslan kemur til vegna þess að einstaklingarnir vilja

ekki verða fyrir vonbrigðum og lækka þar með eigin væntingar og metnaðurinn sem áður kannski einkenndi einstaklinginn verður þar með á undanhaldi (Merton 1996, 146-147).

Fjórða og jafnframt og síðasta birtingamyndin er *undanhald* (e. retreatism) en þá gefast einstaklingarnir einfaldlega upp á því að reyna að ná markmiðum sínum. Einstaklingurinn hefur velt markmiðum sínum vel fyrir sér og sér ekki lengur tilgang í að sækjast eftir þeim vegna þess að þau kunna að virðast ómöguleg (Merton 1996, 148-149).

Ansi mörg líkindi er meðal hins félagslega raunveruleika sem getið er hér að ofan og hinum félagslega raunveruleika afreksípróttamanna og ættum við því samkvæmt kenningunni að finna töluvert háa tíðni frávikshegðunar innan þessa hóps. Líkindin eru fólgin í því að það er ákveðin hópur einstaklinga sem er leggur á sig ómælda vinnu til þess að ná markmiðum sínum. Vinnan er fólgin í öllum þeim tíma sem er fórnað, en sá tími sem fer í æfingar í viku hverri hjá afreksípróttamönnum sem ég ræddi við er allt frá 14-24 klukkustundir í viku, en með viðbættum akstri til og frá og undirbúningi fyrir æfingarnar sjálfar mætti gera ráð fyrir því að sá tími geti verið nálægt 30 klukkustundum.

Miðað við hina hefðbundnu 40 stunda vinnuviku er því verið að ræða um allt að því fullt starf að leitast við að vera afreksípróttamaður.

Markmið þeirra afreksípróttamanna sem ég ræddi við eru fremur einsleit en öll snúa þau að því að ná sem allra lengst í sinni grein. Ípróttamennirnir upplifa sig hinsvegar hindraða að einhverju leyti í sinni vegferð vegna ytri aðstæðna og umhverfisins sem þeir búa við og myndast því rof á milli þeirra persónulegu markmiða, árangursmiðuðu markmiðanna sem samfélagið setur þeim og leiðanna sjálfra að markmiðunum. Afleiðing þess er sú að ípróttamennirnir fara að upplifa sig í siðrofsástandi.

Hindrunin sem um ræðir er í formi fjárhagslegs stuðnings sem er nauðsynleg forsenda fyrir því að einstaklingarnir geti einbeitt sér að fullu við að ná markmiðum sínum og er þá ekki verið að vísa til útlagðs beins kostnaðar við iðkun heldur einkaneyslukostnaðinn sem fylgir því að vera til. Ípróttamennirnir þurftu, eins og áður hefur komið fram, ýmist að skuldsetja sig eða reiða sig á fjárhagslegan stuðning frá fjölskyldum sínum löngu eftir að þeir voru orðnir sjálfráða. Ípróttamennirnir voru allir ákaflega einbeittir á sín markmið og voru meðal annars reiðubúnir til þess að draga háskólanám á langinn til þess geta einbeitt sér betur að ípróttinni, og viðurkenndu þeir allir að þeir fylltust miklu stolti við það eitt að vera fulltrúar lands og þjóðar á erlendum mótum.

Ef við speglum birtingarmyndirnar fjórar yfir á raunheim afreksípróttamanna og hvernig einstaklingar geta leiðst frá viðurkenndum viðmiðum og gildum yfir í frávikshegðun þá kemur ýmislegt forvitnilegt í ljós. Fyrsta tilfellið var *aðlögunin* og snérist um að einstaklingarnir sættu sig við það þær aðstæður sem þeir voru í og gerðu sitt besta úr því sem þeir höfðu. Allir viðmælendur mínir upplifðu sig á einhverjum tímavarki á þessu stigi og voru reiðubúnir að sætta sig við það að ástandið væri einfaldlega svona og því fengi ekkert breytt. Annað tilfellið var *nýjungin* og snérist um að einstaklingarnir snúi sér að því sem best væri að skilgreina sem áhættuhegðun til þess að ná markmiðum sínum. Þormóður sagði höfund að afreksmaður hér á landi þyrfti í sífellu að vera finna nýjar leiðir til þess að verða betri, leiðir Þormóðs felast í breyttum æfingaáherslum sem er skynsamlegri leið en t.d. steranotkun sem er gott dæmi um það hvernig ípróttamenn láta undan eigin

þrýstingi og þrýstingi samfélagsins um árangur. Mörg dæmi eru um að íþróttamenn láti undan slíkum þrýstingi, en eitt þekktasta fordæmið þessu tengt er hjólréiðakappinn Neil Armstrong (Fotheringham 2015).

Þriðja tilfellið var *regludýrkunin* og snérist um það að einstaklingar gætu orðið hræddir við að skara fram úr í ótta við að verða fyrir vonbrigðum. Verði svo þá er hætt við því að ekkert afreksíþróttafólk verði til þess að dást að, og frami í íþróttum því ekki lengur eftirsóknarverður lífstíll. Afleiðing þess getur verið það sem kalla má heilsufarsleg afturför en afreksíþróttafólk eru miklar og góðar fyrirmyndir fyrir ungmenni og stuðlar þar af leiðandi að aukinni íþróttaiðkun og hreyfingu. Íþróttaiðkun krefst þess að ungmenni temji sér bæði aga og heilbrigðan lífstíl og hafa íþróttir því einkar mikið forvarnargildi.

Fjórdi og síðasta tilfellið *undanhald* snérist að því að einstaklingurinn einfaldlega gefist upp á því að reyna við markmið sín vegna þess að þau kunni að vera svo fjarlæg. Þormóður Jónsson júdókappi þurfti að íhuga vel og lengi hvort hann myndi láta reyna á það hvort hann myndi sækjast eftir markmiðum sínum með því að fara á sína þriðju Ólympíuleika í Ríó 2016 vegna þess að leiðin var svo kostnaðarsöm. Þormóður heldur þó sem betur fer áfram því að láta reyna á sinn draum um þátttöku en litlu mátti muna um hvort hann hreinlega myndi gefast upp á því (Rúv 2014).

6 Stjórnvaldsbrestir

Afreksíþróttafólk hér á landi býr samkvæmt viðmælendum höfundar við þröngan kost og virðast önnur ríki vera komin lengra í sinni þróun varðandi fjárhagslegan stuðning og aðbúnað íþróttafólks. Upplifun íþróttamannanna eru bein afleiðing þess að þær fjárreiður sem Íþrótt og Ólympíusamband Íslands hefur til úthlutunar eru minni en hjá nágrannaríkjum sínum sem verður til þess að afreksíþróttastarfið í heild sinni er stutt af afar veikum mætti.

Aukinn stuðningur felur í sér stefnumótun sem að í nútímalýðræðisríkjum er í höndum kjörinna fulltrúa sem bæði hanna og framkvæma stefnumótun hins opinbera, en ef stjórnvöld bregðast kjósendum sínum í því að setja fram stefnu sem kalla má í almannapágu, þá eru komnir upp svokallaðir stjórnvaldsbrestir (e.government failures) (Weimer og Vining 124-131). Brestir þessir verða til vegna ólíkra þátta en þó telur höfundur að tveir þeirra séu til þess fallnir að útskýra það sem kalla má áhugaleysi stjórnvalda á afreksíþróttum.

6.1 Þröngur tímarammi

Kjörnir fulltrúar standa eðli máls samkvæmt oft frammi fyrir erfiðum ákvörðunum sem teygja anga sína langt fram í tímann. Kjörtímabil þessara fulltrúa eru fjögur ár og þurfa þeir að sýna kjósendum sínum fram á að stjórnarseta þeirra hafi skilað einhverju á þessum stutta tíma og beina þeir því sjónum sínum að verkefnum sem bera af sér skjótan ábata (Weimer og Vining, 141-142). Aukin fjárframlög til íþróttamála hér á landi myndi að öllum líkindum ekki skila af sér ábata á svo skömmum tíma og því mætti ætla að stjórnvaldamenn beini sjónum sínum burt frá málefnum afreksíþróttafólks.

6.2 Ósýnilegur hvati

Fjölmiðlar gegna lykilhlutverki í því að halda almenningi upplýstum um stöðu mála í þjóðfélaginu og að sama skapi veita fjölmiðlar kjörnum fulltrúum tækifæri til þess að ná til almennings.

Vald fjölmiðla til þess að hafa áhrif er ótvírætt og beini fjölmiðlar sjónum sínum að vandamálum sem kunna að herja á í samfélaginu þá nýta kjörnir fulltrúar gjarnan tækifærið og leggja til stefnumótun sem tekur á tilteknum vanda. Þessi leið kjörinna fulltrúa til þess að nýta tækifærið til þess að ná til kjósenda kallast stefnumótunargluggi (e.policy window) og er einkar árangursrík leið fulltrúanna til þess að gera sig sýnilega (Weimer og Vining, 142-144). Fjölmiðlaumfjöllun um afreksíþróttafólk hér á landi er að mati höfundar einkar árangursmiðuð og fjallar þar af leiðandi lítið um aðbúnað afreksíþróttafólksins eða þau samfélagslegu og efnahagslegu sóknarfæri sem fólgin eru í íþróttaiðkun. Hvatinn til þess að betrubæta aðstæður afreksíþróttafólks virðist því ennþá ósýnilegur þrátt fyrir tilraunir bæði Eiríks Stefáns og Þráins Hafsteinssonar eins og getið var til um í inngangi rannsóknarinnar.

7 Sóknarfæri

Aukin fjárframlög til íþróttamála hér á landi fela í sér sóknarfæri sem fólgin eru í samfélagslegum, efnahagslegum og lýðræðislegum þáttum en hinir lýðræðislegu þættir snúa að mestu að afreksíþróttamönnum sjálfum og þeirra lýðréttindum. Samspil samfélagslegra og efnahagslegra þátta er margþætt, en því til stuðnings má nefna að eftirspurn eftir íþróttatengdri ferðamennsku er til dæmis sífellt að aukast hér á landi (Þórólfur Þórlindsson o.fl.,2014, 44). Til þess að sú atvinnugrein geti vaxið enn frekar þarf að bæta núverandi aðstöðu til muna og nærtækasta dæmið þessu tengt er sú staðreynd að framboð af miðum á landsleiki karlalandsliðsins í knattspyrnu er langt því að geta annað eftirspurn, sem aukist hefur jafnt og þétt eftir að árangur liðsins fór að verða betri (Vísir 2015).

Miðað við þessar forsendur mætti álykta sem svo að það sé beint orsakasamband á milli árangurs og áhuga almennings á því að fylgjast með afreksíþróttafólki í keppni. Því mætti ætla að það séu ákveðin sóknarfæri fólgin í því að ala upp afreksíþróttafólk í fremstu röð vegna þess að ávinningurinn getur verið bæði samfélagslegur og efnahagslegur.

7.1 Hæfileikamótun

Flest sérsambönd innan Íþróttá og Ólympíusambands Íslands eru fjársvelt, að því leytinu til að afreksstarfið sjálft sem að sérsamböndin eru í óðaönn við að reyna betrubæta og fullkomna til þess að skila áfram frambærilegum íþróttamönnum fyrir Íslands hönd, snýst að stærstu leyti um tiltekinn íþróttamann. Samkeppnisþjóðir Íslendinga vinna afreksstarf sitt á veigameiri hátt þar sem horft er til endurnýjunar, og fjárfest er þar með í komandi kynslóðum líkt og þekktist í Danmörku, en þar hafa fyrirtæki lagt til 200 milljóna styrk til 52 afreksefna sem koma frá 19 sérsamböndum fyrir árin 2013-2016 (Andri Stefánsson 2015, 12-18).

Knattspyrnusamband Íslands (KSÍ) er ríkulega styrkt af alþjóðasérsamböndum sínum (Þórólfur Þórlindsson o.fl.,2014,38) og hefur nú þegar lagt af stað með verkefni sem snýr að hæfileikamótun í samstarfi við N1. Landsliðspjálfarar yngri landsliða ferðast landshornanna á milli til þess að fylgjast með ungum og upprennandi knattspyrnumönnum (Knattspyrnusamband Íslands Hæfileikamótun KSÍ og N1 2015).

Markmið hæfileikamótunar KSÍ er að:

- *Fjölga þeim leikmönnum sem fylgst er með*
- *Fylgjast með yngri leikmönnum en áður og undirbúa þá fyrir hefðbundnar landsliðsæfingar*
- *Koma til móts við minni staði á landsbyggðinni og mæta þeirra þörfum*
- *Koma til móts við leikmenn stærri félaga á höfuðborgarsvæðinu sem að öllu jöfnu væru ekki valdnir á landsliðsæfingar*
- *Bæta samskipti við aðilarfélögin og kynna fyrir þeim stefnu KSÍ í landsliðsmálum*
- *Undirbúa leikmenn enn betur til þess að mæta á landsliðsæfingar seinna með fræðslu*

Hefðu fleiri sérsambönd möguleika á því að vinna svo markvisst að uppbyggingu komandi kynslóða mætti ætla að afraksturinn yrði fleiri afburða afreksíþróttamenn eða lið, sem í framtíðinni væri góð landkynning á erlendri grundu.

7.2 Landkynning

Árangur landsliða og íþróttamanna í keppnisíþróttum vekur umtal í alþjóðasamfélaginu og styrkir ímynd þjóðanna út á við í gegnum það sem í fræðilegri umræðu kallast mjúk völd (e. soft power).

Sterk og jákvæð þjóðarímynd er talin eftirsóknarverð enda talin stuðla að því að styrkja möguleika þjóða til þess að geta haft áhrif í alþjóðasamfélaginu. Margar þjóðir líta á alþjóðlegar keppnir, líkt og Ólympíuleikana, sem frábæran glugga til þess að sýna sig í gegnum íþróttamenn sína. Ef íþróttamaður kemst á verðlaunapall þá fær hann réttilega fjölmiðlaumfjöllun fyrir árangur sinn og ímynd landsins sem hann stendur í forsvari fyrir þar með jákvæð (Chen 2012, 755-757).

Þessu til stuðnings var framkvæmd eigindleg rannsókn á 1022 Kínverjum fyrir og eftir Ólympíuleikana árið 2008 um ímynd Kínverja á erlendum þjóðum. Viðmælendurnir voru beðnir um að gefa þjóðunum 18 sem valdnar voru frá fimm heimsálfum einkunn á skalanum 1-100 út frá þremur mismunandi breytum:

- Íþróttalegir burðir þjóðar (e. a countries athletic ability)
- Almennur styrkur (e. it's general strength)
- Tilfinning gagnvart þjóðinni (e. favourable feeling towards the country)

Niðurstöður rannsóknarinnar sýndu fram á að frammistaða þjóða á Ólympíuleikunum væri nátengd núverandi þjóðarímynd í augum Kínverja en bættur árangur á milli tveggja leika væri ekki til þess fallinn að bæta ímyndina marktækt á svo skömmum tíma, sem gefur til kynna að langvarandi árangur sé nauðsynleg forsenda bættrar ímyndar. Góður árangur á Ólympíuleikunum sýndi eðlilega mestu fylgnina við íþróttalegu burði þjóðar, þar á eftir kom almennur styrkur en minnsta fylgnin (en samt sem áður eftirtektaerð) var tilfinningin sjálf gagnvart þjóðinni (Chen 2012, 758-763).

Miðað við ofangreinda umfjöllun skyldi því engan undra að stærstu þjóðir heims leggi mikið kapp í það að ná árangri í íþróttum, vegna þess að árangurinn einn og sér sé til þess fallinn að styrkja stöðu þjóðarinnar í alþjóðasamfélaginu.

Á dögum Kalda stríðsins lögðu risaveldin tvö Bandaríkin og Sovétríkin mikla áherslu á að ná árangri í alþjóðlegum keppnum til þess að styrkja stöðu sína í augum alþjóðasamfélagsins. Kínverjar hafa núna nýverið farið sömu leið og lögðu til að mynda ofuráherslu á að vinna sem allra flest gullverðlaun á Ólympíuleikunum í Peking 2008 (Þórólfur Þórlindsson o.fl., 2014, 37).

7.3 Lýðréttindi einstaklinga

Aukinn stuðningur hins opinbera við afreksíþróttafólk hér á landi væri vel til þess fallinn að sjá til þess að afreksíþróttafólk njóti sömu lýðréttinda og þau sem sjálfsögð teljast sjálfsögð á venjulegum atvinnumarkaði líkt og greiðslur í lífeyrissjóði. Þessu til stuðnings má nefna að Ragna Björg skráði sig í nám til þess að eiga rétt á fæðingarstyrk sem segir okkur að almenn lýðréttindi afreksíþróttafólks séu býsna langt frá því að vera nægileg. Afreksíþróttafólk hefur ekki fullan aðgang að almannatryggingakerfinu vegna þess að þau þurfa hugsanlega, íþróttarinnar vegna, að dveljast bróðurpart úr árinu erlendis og njóta því ekki sömu réttinda (Andri Stefánsson 2015, 21).

7.4 Hagræn áhrif íþróttanna

Íslendingar eru langt frá því að getað heitið fjölmennasta ríki heims en þrátt fyrir smæð þjóðarinnar hefur árangur íslenskra íþróttamanna, líkt og áður hefur komið fram, vakið töluverða athygli erlendis. Vegna umfangs íþróttastarfsins er mögulegt að horfa til íþróttanna sem hluta af efnahags og framleiðslukerfi þjóðarinnar. Afreksíþróttastarfið almennt er til þess fallið að geta skapað ógrynni af erlendum tekjum árlega. Tekjurnar koma bæði í gegnum íþróttahreyfinguna og afreksíþróttamennina sjálfra þegar þeir snúa aftur í heimahaga eftir atvinnumennsku erlendis, en atvinnumennska í boltaíþróttum er vel raunhæfur og í sumum tilfellum mjög arðbær starfsvettvangur fyrir íslenska afreksíþróttamenn (Þórólfur Þórlindsson o.fl.,2014,39). Þessu til stuðnings má nefna að beinar erlendar tekjur sem komu fyrir tilistilli íslenskrar knattspyrnu árið 2012 voru 900 milljónir króna og er þá tekið mið af styrkjum frá alþjóðasársamböndum, tekna vegna sölu á sjónvarpsréttum og tekna vegna sölu á leikmönnum.

Sömu sögu má segja um íslenska hestinn en hann er ákaflega vinsæl útflutningsvara sem skapar umtalsverðar tekjur á ári hverju. Árlega eru seldir erlendis hestar fyrir um það bil 8-900 milljónir króna og gegna í því samhengi íslenskir hestamenn lykilhlutverki í því að markaðssetja íslenska hestinn á mótum erlendis (Þórólfur Þórlindsson o.fl.,2014, 37-40).

Heildarútgjöld ríkisins til íþróttamála, sem heyrir eins og áður hefur komið fram undir Mennta – og menningarmálaráðuneytið, voru árið 2013 um 455 milljónir króna. Það mætti því segja sem svo að hagrænu áhrifin sem skapist vegna afreksíþróttaiðkunar séu því ótvíræð (Þórólfur Þórlindsson o.fl.,2014,68).

Umfang íþróttastarfsins í heild má bersýnilega sjá ef litið er til vergrar landsframleiðslu Íslands en á árunum 2003-2012 var beint framlag hreyfingarinnar til landsframleiðslu um 0,4% eða rúmlega 12,8 milljarðar á ári (Þórólfur Þórlindsson o.fl.,2014,29).

Verði afreksstig íslenskra íþróttamanna með árunum enn hærra þá má gera ráð fyrir því að hlutur íþróttahreyfingarinnar af bæði erlendum tekjum sem hingað til lands komi og vergri landsframleiðslu muni aukast umtalsvert.

8 Samantekt

Margsinnis hefur verið sannað að íþróttaiðkun hafi jákvæð áhrif á lýðheilsu þjóðarinnar og eiga sveitarfélög hér á landi mikið hrós fyrir þátt sinn í því að tryggja að sú aðstaða sem ungum iðkendum hérlandis býðst til þess að stunda íþróttir eru séu góðar.

Sérsambönd innan íþróttahreyfingarinnar eru 30 talsins og öll vinna þau sérlega metnaðarfullt starf sem miðar meðal annars að því að skila af sér frambærilegum afreksíþróttamönnum sem geta í framtíðinni verið fulltrúar lands og þjóðar í íþróttakeppnum erlendis. Afreksfólk þarf að uppfylla ýmis skilyrði til þess eins að geta hlotið styrki úr Afrekssjóði, en styrkirnir virðast hinsvegar ekki nægilegir til þess að greiða niður annað en íþróttalegan kostnað að verulegu leyti og horfa því ekki til framfærslukostnaðar né annarra ytri aðstæðna. Afleiðingin er sú að afreksíþróttafólkið þarf að reiða sig á stuðning foreldra eða annarra nákominna aðila langt fram eftir aldri eða einfaldlega, eins og Ragna Björg gerði, að skuldsetja sig fram í tímann og fresta því að geta staðið fyllilega á eigin fótum.

Þrátt fyrir lágmarks stuðning hins opinbera virðist afreksíþróttafólk hér á landi ekki enn veigra sér við það að búa við þröngan kost en ástæðu þess mætti rekja til þess að þau séu stolt af því að fá tækifæri til þess að keppa á erlendri grundu hönd þjóðarinnar. Ríkisvaldið virðist hinsvegar minna hreykið af þessum fulltrúum nema auðvitað að þeir nái árangri sem þykir eftirtektarverður (mbl.is 2008).

Vegna fjárhagslegra þrengsla sérsambandanna er aðbúnaður íslenskra keppenda á erlendum mótum bágborinn í samanburði við það sem mótherjar þeirra þekkja, jafnvel þó svo að það sé umdeilanlegt hvort risastórt teymi sé lykillinn að velgengi (sbr. ummæli Lars Lagerback landsliðsþjálfara Íslendinga í knattspyrnu þess efnis). Aðgangur íþróttamannanna að fleirum en kannski einum þjálfara, sem þarf auk þess að þjálfari, að sjá um að vera bæði nuddari og sjúkráþjálfari, er hugsanlega ekki heppilegasta samsetningin á árangursmiðuðu teymi.

Samanburður við önnur lönd leiðir það í ljós að fjárveitingar til íþróttamála hér á landi eru langt frá því sem þekkist annarstaðar og er smæð þjóðarinnar þar hugsanlegur áhrifavaldur. Íslenska hagkerfið er í samanburði við fjölmennari ríki heimsins ekki það stærsta og stuðningurinn eftir því. Ólíkt stjórnvöldum þá lætur afreksíþróttafólk hér á landi smæðina ekki stöðva sig í því að ná eftirtektarverðum árangri, en fulltrúar þjóðarinnar í bæði hópa og einstaklingsíþróttum hafa sérstaklega núna nýverið verið að gera það gott. Þessu til stuðnings má nefna nokkur dæmi; íslenska körfuknattleikslandsliðið í karlaflokki öðlaðist keppnisrétt í fyrsta sinn í lokakeppni Evrópumótsins, íslenska karlalandsliðið í knattspyrnu í bæði karla og kvennaflokki hafa öðlast keppnisrétt í lokakeppni Evrópumóts, sundkonan Eygló Ósk hefur nú þegar tryggt sér keppnisrétt á Ólympíuleikunum í Ríó, íslenska landsliðið í hópímleikum náði á verðlaunapall á seinasta Evrópumóti, íslenska handknattleikslandsliðið í bæði karla og kvennaflokki hafa bæði náð frábærum árangri á stórmótum, Aníta Hinriksdóttir öðlaðist keppnisrétt á Ólympíuleikunum í 800m hlaupi kvenna og svo mætti lengi telja upp áfram.

Árangur þessi er að mati höfundar ekki tilviljanakenndur heldur er árangurinn uppskera erfiðis sem sést hvað best í þeim tíma sem afreksíþróttafólkið sem rætt var við ver í íþrótt sína á hverri viku. Það gefur auga leið að það er næstum ómögulegt fyrir afreksíþróttafólkið okkar að stunda eðlilega vinnu vegna tímans sem fer í æfingar og tíðra keppnisferðalaga erlendis og því þarf stuðningurinn að aukast. Kerfið sjálft þarf að virka hvetjandi til þess að fleiri afreksíþróttamenn vilji feta þessa vegferð og

verða meðal annars fyrirmyndir fyrir aðra yngri iðkendur. Til þess að setja hlutina í samhengi þá mætti nefna að þann 30. desember 2015 síðastliðinn var einn viðmælandi höfundar, Eygló Ósk, kjörin Íþróttamaður ársins við hátíðlega athöfn í Hörpu. Núverandi fyrirkomulag veldur því að hún er háð foreldrum sínum varðandi framfærslukostnað og sér ekki fram á að geta flutt að heiman, og þroskast þar með sem einstaklingur, á meðan hún stundar íþrótt sína af jafn miklum þrótti og hún gerir.

Sú staðreynd ein og sér segir okkur það að ummæli Þráins Hafsteinssonar yfirþjálfara frjálsíþróttadeildar ÍR séu sönn, en Þráinn fjallaði um í pistil sínum eins og getið var til í inngangi að ef einstaklingar skari fram úr í öðru en handbolta eða fótbolta og eigi þar með ekki kost á því að leika með félagsliði erlendis, séu þeir einfaldlega launalausir og upp á aðra kominn á meðan ferlinum stendur.

Sóknarfærin eru eins og áður hefur komið fram bæði efnahagsleg og samfélagsleg, sérstaklega í ljósi þeirrar uppsveiflu sem hefur myndast hefur á undanförunum árum og væri það skynsamlegt fyrir stjórnvöld að mati höfundar að nýta þennan meðbyr sem þegar er orðin staðreynd, og vera reiðubúin til þess að fjárfesta í komandi kynslóðum.

Núverandi fyrirkomulag hindrar afreksíþróttafólk í vegferð sinni og ekki er langsótt að segja að ríkisvaldið sé að bregðast þessum hópi fólks að verulegu leyti, en þessir einstaklingar sem skara fram úr þurfa umhverfisins síns vegna að verða á mis við hluti sem teljast eðlilegir á venjulegum vinnumarkaði. Þeir óneitanlega dragast því aftur úr í lífsgæðakapphlaupinu að einhverju leyti.

Það er því niðurstaða höfundar að núverandi styrkjafyrirkomulag og stuðningur hins opinbera við afreksíþróttafólk hér á landi sé ekki nægilegur og brýn þörf sé á breytingum á komandi árum eigi Íslendingar ekki að dragast aftur úr lestinni.

Formlegt hlutverk stjórnvalda er samkvæmt lögum fremur takmarkað og verður því önnur eins vitundarvakning að verða á meðal ráðamanna nú og varð tvívegis á 20. öldinni, þegar hið opinbera hóf afskipti sín af íþróttamálum árið 1912 annarsvegar og hinsvegar þegar fjárframlög fóru að berast Afrekssjóði ÍSÍ árið 1999.

Heimildaskrá

Andri Stefánsson, Friðrik Einarsson, Örn Andrésson, Gunnlaugur Júlíusson. 2015. „*Kostnaður vegna afreksíþróttastarfs á Íslandi*“ : Íþróttta og Ólympíusamband Íslands

Chen, Hualin. 2012. „Medals, media and myth of national images: How Chinese audiences thought of foreign countries during the Beijing Olympics“ *Public Relations Review* 38-5. Sótt 2. desember 2015, doi :10.1016/j.pubrev.2012.08.002

Esterberg, Kristin G. 2008. „*Qualitative Methods in Social Research*“ Boston: University of Massachusetts- Lowell. McGraw-Hill Humanities

Eygló Ósk Gústafsdóttir, viðtal tekið af höfundi í Reykjavík 19. desember 2015

Fotheringham, William. 2015. „Timeline: Lance Armstrong's journey from deity to disgrace“ *The Guardian*, Seinast uppfært 9. mars 2015. Sótt þann 30. desember 2015.
<http://www.theguardian.com/sport/2015/mar/09/lance-armstrong-cycling-doping-scandal>

Íþróttta og Ólympíusamband Íslands „Afrestefna ÍSí“ sótt þann 22. október 2015.
<http://isi.is/afreksithrottir/afrestefna-isi/>

Íþróttta og Ólympíusamband Íslands „ÍSí úthlutar afreststyrkjum“ Seinast uppfært þann 22. janúar 2015“ Sótt þann 27. september 2015 <http://isi.is/frettir/frett/2015/01/23/ISI-uthlutar-afreststyrkjum/>

Íþróttta og Ólympíusamband Íslands. 2015. „Lög Íþróttta og Ólympíusambands Íslands“ Síðast uppfært 18. apríl 2015. Sótt 12. október 2015.
[http://isi.is/library/Skrar/Efnisveita/Log-og-reglugerdir/Lög%20ÍSí%20\(2015\).pdf](http://isi.is/library/Skrar/Efnisveita/Log-og-reglugerdir/Lög%20ÍSí%20(2015).pdf)

Íþróttta og Ólympíusamband Íslands „Reglugerð um Afrestsjóð ÍSí“ Síðast uppfært 26. nóvember 2015. Sótt þann 4. desember 2015.
[http://isi.is/library/Skrar/Efnisveita/Log-og-reglugerdir/Afrestsjodur%20ÍSí%20\(26112015\).pdf?="](http://isi.is/library/Skrar/Efnisveita/Log-og-reglugerdir/Afrestsjodur%20ÍSí%20(26112015).pdf?=)

Íþróttta og Ólympíusamband Íslands „Skilgreining afreka“ Sótt þann 18. desember 2015.
<http://isi.is/afreksithrottir/afrestefna-isi/>

Íþróttta og Ólympíusamband Íslands. 2013. „Tölfræði“ Síðast uppfært 10. apríl 2015. Sótt 8. október 2015. http://www.isi.is/library/Skrar/Efnisveita/Tolfraedit/tolfraedi_ISI_2013.pdf

Íþróttalög nr.64/1998 <http://www.althingi.is/lagas/137/1998064.html>

Knattspyrnusamband Íslands „Fjármagn UEFA og KSÍ til íslenskra knattspyrnuliða“ Seinast uppfært 30. nóvember 2015. Sótt þann 15. desember 2015. <http://www.ksi.is/mot/nr/13017>

Knattspyrnusamband Íslands „Hæfileikamótun KSÍ og N1 2015” Seinast uppfært 4.febrúar 2015. Sótt þann 7.desember 2015. <http://www.ksi.is/fraedsla/haefileikamotun/nr/12364>

Mennta og menningarmálaráðuneytið. 2011. *Stefnumótun Mennta og Menningarmálaráðuneytis í íþróttamálum*. Reykjavík : Mennta og Menningarmálaráðuneytið

Merton, Robert K. 1996. *On social structure and science*. Ritstjóri Piotr Sztompka. Chicago og London : The university of Chicago Press

Ragna Björg Ingólfssdóttir, viðtal tekið af höfundi í Reykjavík 10.desember 2015

Samtök íþróttafréttamanna „Ræða formanns SÍ.” Seinast uppfært 4.janúar 2015. Sótt þann 2.desember 2015. <http://www.sportpress.is/raeda-formanns-si/>

Steinar J. Lúðvíksson. 2012. *Íþróttabókin : ÍSÍ : saga og samfélag í 100 ár*. Reykjavík, Íþróttá og Ólympíusamband Íslands

Topendsports. „Top Ten List of the Internet World’s Most Popular Sports” Sótt þann 25.desember 2015. <http://www.topendsports.com/world/lists/popular-sport/fans.htm>

Vefur Doktor.is „Hreyfing og heilbrigði barna og ungmenna (sótt þann 28.nóvember 2015). ,” <http://doktor.is/grein/hreyfing-og-heilbrigdi-barna-og-ungmenna>

Vefur Morgunblaðsins „FH-ingurinn í sex mánaða bann fyrir steranotkun” Seinast uppfært 15.maí 2015. Sótt þann 3.desember 2015. http://www.mbl.is/sport/handbolti/2015/05/15/fh_ingurinn_i_sex_manada_bann_fyrir_steranotkun/

Vefur Morgunblaðsins „Þorgerður Katrín íhugar að fara aftur út” Seinast uppfært 20.ágúst 2008. Sótt þann 28.desember 2015. http://www.mbl.is/frettir/innlent/2008/08/20/ihugar_ad_fara_aftur_ut/

Vefur Ríkisútvarpsins „Löng og ströng leið fyrir Þormóð” Seinast uppfært 7.nóvember 2014. Sótt þann 3.desember 2015. <http://www.ruv.is/frett/long-og-strong-leid-fyrir-thormod-til-rio>

Vefur Visis „Uppselt á leik Íslands og Lettlands” Seinast uppfært 11.september 2015. Sótt þann 7.desember 2015. <http://www.visir.is/uppselt-a-leik-islands-og-lettlands/article/2015150919713>

Velferðarráðuneytið „Reiknivél fyrir neysluviðmið einstaklings” Seinast uppfært maí 2015. Sótt þann 22.desember 2015. <https://www.velferdarraduneyti.is/neysluidmid/>

Velferðarráðuneytið „Reiknivél fyrir neysluviðmið einstaklings með tvö börn og maka” Seinast uppfært í maí 2015. Sótt þann 22.desember 2015. <https://www.velferdarraduneyti.is/neysluidmid/>

Þráinn Hafsteinsson. 2014 „Afreksmenn í öðru en handbolta og fótbolta svelta á Íslandi” *visir.is*
Seinast uppfært 3. desember 2014. Sótt þann 2. desember 2015. <http://www.visir.is/pistill--afreksmenn-i-odru-en-handbolta-og-fotbolta-svelta-a-islandi/article/2014141209617>

Þórólfur Þórlindsson, Viðar Halldórsson, Jónas Hlynur Hallgrímsson, Daði Lárusson, Drífa Pálína Geirs „Íþróttir á Íslandi – umfang og hagræn áhrif,” : Mennta og menningarmálaráðuneytið, 2014

Yokhin, Micheal. 2015. „Iceland’s Euro 2016 qualification result og quality management and system” *ESPN*. Síðast uppfært þann 7. september 2015. Sótt þann 27. desember 2015.
<http://www.espnfc.us/team/iceland/470/blog/post/2599399/secret-behind-iceland-euro-2016-qualification>

Pormóður Árni Jónsson, viðtal tekið af höfundi í Reykjavík 14. desember 2015

Waddell, Gordon. 2015. „Iceland’s secret to success? We just changed how we coached and trained, says manager Heimir” *Daily record*. Seinast uppfært þann 13. desember 2015. Sótt þann 27. desember 2015.
<http://www.dailyrecord.co.uk/sport/football/football-news/icelands-secret-success-just-changed-7004162>

Weimer, David og Vining, Aidan R. 2014. *Policy Analysis : Concepts and Practice*. Essex, Pearson Education Limited

Myndaheimildir

Andri Stefánsson, Friðrik Einarsson, Örn Andrésón, Gunnlaugur Júlíusson. 2015 „*Kostnaður vegna afreksíþróttastarfs á Íslandi*” : Íþrótt og Ólympíusamband Íslands. Birt með leyfi höfundar skv. töluvpósti þann 3/1/16.

Andri Stefánsson, Friðrik Einarsson, Örn Andrésón, Gunnlaugur Júlíusson. 2015 „*Kostnaður vegna afreksíþróttastarfs á Íslandi*” : Íþrótt og Ólympíusamband Íslands. Birt með leyfi höfundar skv. töluvpósti þann 3/1/16.

Viðauki 1. Spurningalisti

Spurningalistinn hér fyrir neðan er staðlaður en spurningarnar bæði fremur leiðandi og opnar en leitast var sérstaklega eftir því að viðmælandinn fengi tækifæri til þess að tala út frá sínu eigin sjónarhorni og segja sína skoðun á umhverfi afreksíþróttafólks á Íslandi. Viðtalsformið var því hálfstaðlað og upplifun og reynsla viðmælandanna eiga því að koma fram.

Viðmælendur :

Ragna Björg Ingólfssdóttir 10/12/15

Þormóður Árni Jónsson 14/12/15

Eygló Ósk Gústafsdóttir 19/12/15

Spurningalisti :

1. Hvað heitir þú ?
2. Hvað varstu gömul/gamall þegar þú byrjaðir að stunda (íþróttina) ?
3. Byrjaðirðu strax að skara fram úr ?
4. Hvað felst í því að vera afreksmaður að þínu mati ?
5. Hversu mikill tími á fer/fór í æfingar í viku ?
6. Settirðu sem afreksmaður mikla pressu á sjálfa þig að ná árangri ?
7. Var álagið við æfingar og keppni þannig að það er/var erfitt að vera í vinnu eða námi samhliða ?
8. Finnurðu/fannstu fyrir miklu stolti þegar þú keppir fyrir Íslands hönd ?
9. Nú hefur þú keppt fyrir Íslands hönd á erlendum mótum, hvernig upplifir þú þinn aðbúnað miðað við mótherja þinna ?
10. Finnst þér fjárhagslegur stuðningur hins opinbera við afreksíþróttamenn hér á landi vera nægilegur ?
11. Hefur fjölskylda þín þurft að aðstoða þig fjárhagslega eftir að þú varðst sjálfráða við þáttöku á erlendum mótum fyrir Íslands hönd ?
12. Telur þú að árangur þinn á alþjóðlegum mótum fyrir Íslands hönd gæti/hefði verið betri ef þú þyrftir ekki að standa í fjáröflunum eða vinnu samhliða ?
13. Upplifðir þú einhverntímann eins og þínir draumar væru of stórir miðað við núverandi umhverfi afreksíþróttamanns á Íslandi ?
14. Hugsaðir þú einhverntímann „*Er þetta þess virði*” ?
15. Telur þú breytinga sé þörf varðandi aðbúnað íslenskra afreksíþróttamanna ?
-Ef já :
16. Hvað viltu sjá breytast ?
17. Finnst þér raunhæft að það gerist innan fimm ára.

Viðauki 2. Breytingar á styrkjafyrirkomulagi

Styrkjafyrirkomulag Íþróttta og Ólympíusambands Íslands til bæði hópa og einstaklingsíþróttta breyttist lítiilega á meðan skrifum stóð en nýjasta uppfærsla var samþykkt á fundi framkvæmdarstjórnar ÍSÍ þann 26.nóvember 2015. Hvergi kemur fram í hinni nýju uppfærslu að breytingar hafi orðið á upphæðum fjármuna sem afreksíþróttafólkið fái úthlutað á mánuði en breytingarnar fela meðal annars í sér að heimilt sé að nota hluta fjárhæðarinnar til framfærslu sem að mati höfundar er strax skref í rétta átt.

Hér fyrir neðan má sjá þær breytingar sem hafa orðið á fyrirkomulaginu.

Styrkleikaflokkar – einstaklingsgreinar :

Flokkur 1: Framúrskarandi íþróttamaður, sá sem skipar sér með árangri sínum í fremstu röð í heiminum í sinni grein, s.s. með því að vinna til verðlauna á stærstu mótum heims og/eða komast í úrslit á stærstu viðburðum í sinni íþróttgrein.

Flokkur 2 : Afrekmaður á alþjóðlegan mælikvarða, sá sem skipar sér með árangri sínum í sinni grein ofarlega á heimslista viðkomandi íþróttgreinar og fær reglulega keppnisrétt á stærstu mót greinarinnar og/eða tekur reglulega þátt í sterkum alþjóðlegum mótum.

Flokkur 3 : Afrekmaður á íslenskan mælikvarða, sá sem er í fremstu röð í sinni grein á Íslandi, á sæti í afreks- og landsliðshópum viðkomandi keppnisgreinar og keppir reglulega fyrir Íslands hönd á erlendri grundu.

Flokkur 4 : Afreksefni, sá sem hefur ekki náð jafn langt en er talin að geti skipað sér á bekk með þeim bestu í heimi með markvissri og mikilli þjálfun. Slíkt efni skal vera í skipulagðri dagskrá á vegum sérsambands.

Styrkleikaflokkar- landsliðsverkefni og hópaíþróttir

Flokkur 1 : Framúrskarandi lið/flokkur, sá hópur er skipar sér með árangri sínum í fremstu röð í heiminum, s.s. með því að vinna til verðlauna á stærstu mótum heims og/eða komast í úrslit á stærstu viðburðum í sinni íþróttgrein.

Flokkur 2 : Afrekslið/flokkur á alþjóðlegan mælikvarða, sá hópur sem skipar sér með árangri sínum ofarlega á heimslista viðkomandi íþróttgreinar og fær reglulega keppnisrétt á stærstu mót greinarinnar og/eða tekur reglulega þátt í í sterkum alþjóðlegum mótum.

Flokkur 3 : Afrekslið/flokkur á íslenskan mælikvarða, sá landsliðshópur sem keppir reglulega fyrir Íslands hönd á erlendri grundu.

Flokkur 4 : Efnilegt lið/flokkur, sá hópur sem hefur ekki náð jafn langt en er talin að geti skipað sér á bekk með þeim bestu í heiminum með markvissri og mikilli þjálfun. Slíkur hópur skal vera í skipulagðri dagskrá á vegum sérsambands. (Íþróttta og Ólympíusamband Íslands Reglugerð um Afrekssjóð ÍSÍ)